

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 26/2022

2022/EES/42/26

frá 4. febrúar 2022

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1079 frá 20. júlí 2020 um sannprófun og leiðréttingu á gögnunum sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/956 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azka (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azkb. **32020 R 1079**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1079 frá 20. júlí 2020 um sannprófun og leiðréttingu á gögnunum sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/956 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (Stjttíð. ESB L 235, 22.7.2020, bls. 1).“

*2. gr.*Texti reglugerðar (ESB) 2020/1079, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 235, 22.7.2020, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Verður birt.